



Gullkúnt Helgu er skartgripaverslun sem líkist mest listagallerí þar sem hver hlutur fær að njóta sín til fulls.



Helga Jónsdóttir gullsmiður og verslunareigandi Gullkúnstar Helgu.

GULLKÚNST HELGU:

Skartgripir og list í bland


Það er eins og að ganga inn á listsýningu þegar komið er inn í Gullkúnt Helgu á Laugavegi 13. Þetta glæsilega húsnæði hósti eitt sinn Húsgagnaverslun Kristjáns Siggeirssonar og síðar Habitat. Helga Jónsdóttir, gullsmiður og eigandi fyrirtækisins, hefur haldið tryggð við Laugavegin því upphaflega var Gullkúnt Helgu á Laugavegi 40 og síðan númer 45. Reyndar er Helga ekki ein á báti því Hallgrímur Tómas Sveinsson, maður hennar, á líka töluverðan hlut að máli og hefur tekið þátt í rekstrinum frá byrjun.

„Ég var alls ekki að hugsa um að flytja þegar byggingaaðilar komu að máli við mig og vildu kaupa gamla húsið. Þegar mér bauðst Laugavegur 13, eitt fallegasta hornið við Laugavegin, ákvað ég að láta slag standa og færa mig um set,“ segir Helga.

Hún segist hafa lagt allt kapp á að opna á nýja staðnum 1. desember sl., enda mikill hátíðisdagur. Það tókst eftir að versluninni hafði verið breytt og færð í glæsilegt horf. Hönnunin er einföld og stílhrein og skartgripirnir fá svo sannarlega að njóta sín auk þess sem innréttingin hæfir vel tíðaranda hússins sjálfs. Sýningarskáparnir eru úr tekki og gleri og engu líkara en fólk sé að skoða listmunasýningu þegar gengið er á milli þeirra. Og það sem meira er, viðskiptavinirnir geta gengið út í búðargluggann sjálfan og skoðað það sem þar er til sýnis. Þetta óvenjulega fyrirkomulag glæðir verslunina miklu lífi og er gjörólíkt því sem almennt gerist þar sem sýningargluggarnir eru öllum lokaðir.

Handunnið skart er það sem einkennir Gullkúnt Helgu, en milli 80 og 90% af því sem þar fæst er unnið af Helgu sjálfri og Sveini Guðnasyri gullsmið sem hún fékk til liðs við sig, en Sveinn hafði unnið í 10 ár í Danmörku. Þau smíða aðallega úr gulli og silfri og nota eðalsteina og syntetiska steina í skartgripina en einnig bæði hraun og perlur. Auk þess er mikið af stórum steinafestum í versluninni sem vekja mikla athygli um þessar mundir. Ekki má heldur gleyma að í Gullkúnt Helgu fást mjög nútímaleg úr frá þekktum framleiðendum, m.a. úr eftir þýska hönnuðinn Rolf Cremer, og líkjast þau mörg hver flottum armböndum fremur en venjulegum úrum.

Listrænar uppákomur Helga segir að hún vilji gjarnan nýta verslunarrýmið á annan hátt en áður. Við opnunina 1. desember nutu gestir lifandi tónlistar. Þegar ár hundsins í Kína gekk í garð var haldin sýning á kínverskum munum. Unnur Guðjónsdóttir flutti erindi um Kína og steig kínverskan dans og fólk dreypti á kínversku tei. Loks efndi myndlistarkonan Lilja Bragadóttir til sýningar í vetur og ætlunin er að vera með uppákomu á Menningarnótt í ágúst.

„Ég er feikilega ánægð yfir að hafa flutt. Verslunin er í miklum upp-gangi og allt gengur blússandi vel á þessum nýja stað,“ segir Helga Jónsdóttir, gullsmiður í Gullkúnt Helgu. 

Flott skartgripaverslun í glæsilegu húsnæði



 **Gullkúnt Helgu**

Laugavegi 13 • 101 Reykjavík
Sími 561 6660 • www.gullkunst.is